

Nd.

765. Nefndarálit

[282. mál]

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, sem skipaður er fulltrúum stjórnarflokkanna, vill samþykkja frumvarpið með nokkrum minni háttar breytingum. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að gera nokkrar efnisbreytingar á frumvarpinu og flyt á sérstöku þingskjali breytingartillögur í þá átt. Gylfi Þ. Gíslason mun skila sérálitum og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Skattafrumvarp það, sem hér er um að ræða, er annað frumvarpið um endurskoðun tekju- og eignarskattslaganna, sem núverandi ríkisstjórn flytur. Fyrir rúmu ári flutti hún fyrra frumvarp sitt, en það náði ekki fram að ganga, enda kom í ljós mikill ágreiningur um málið, ekki aðeins á milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, heldur einnig í hópi stjórnarsinna og jafnvel á milli ráðherranna sjálfra.

Það frumvarp, sem nú liggur fyrir, fjallar aðallega um fimm atriði skattamála.

Þessi atriði eru:

1. Skattlagning söluhagnaðar eigna.
2. Fyrningarreglur.

3. Skattlagning eigna.
4. Sérsköttun hjóna.
5. Skattlagning launa við eigin atvinnurekstur.

Önnur atriði frumvarpsins, sem fela í sér breytingar frá gildandi lögum, eru ekki mikilvæg, þegar skattamálin sem heild eru metin.

Um þessar breytingar vil ég taka þetta fram:

1. Skattlagning söluhagnaðar eigna.

Hér er í meginatriðum farið inn á nýtt skattlagningarsvið. Reglur frumvarpsins eru mjög flóknar og hætt er við að þær skapi þeim, sem besta aðstöðu hafa til að koma söluhagnaði undan skattlagningu, ýmsa möguleika, á sama tíma og aðrir verði að greiða verulega skatta samkvæmt þessum reglum. Sérfræðingar þeir, sem samið hafa frumvarpið telja útilokað að gefa nokkrar upplýsingar um hve miklu skattar samkv. þessum ákvæðum gætu numið.

Skattlagning söluhagnaðar verður þó að teljast eðlileg í ýmsum tilfellum.

2. Fyrningarreglur.

Fyrningarreglum er gjörbreytt frá gildandi lögum. Hinar nýju reglur eru afar flóknar og verður ekki af þeim séð með neinu móti, hvort fyrningar hækka samkv. þeim eða lækka. Sennilega hækka þó fyrningar talsvert frá því sem verið hefur.

Enginn vafi leikur á, að þær fyrningar, sem heimilaðar eru í gildandi lögum, eru háar og hafa leitt til þess, að mörg fyrirtæki hafa sloppið við tekjuskattsgreiðslur. Mér sýnist allt benda til þess, að ýmis fyrirtæki fái samkv. nýju reglunum verulega hækkun fyrninga. Fyrningarheimildir nokkurra aðila munu þó lækka eitthvað, eins og þeirra sem gera út skip.

3. Skattlagning eigna.

Liklegt er að skattar af eignum hækki nokkuð samkv. frumvarpinu, og tel ég það fullkomlega eðlilegt.

4. Sérsköttun hjóna.

Með frumvarpinu er viðurkennd sú meginregla, að hjón skuli greiða skatt hvort af sínum tekjum. Eignir verða hins vegar samskattaðar. Þessi ákvæði frumvarpsins eru til bóta.

Afnám 50%-reglunnar varðandi frádrátt á tekjum giftrar konu, sem hefur sjálfstæðar tekjur, mun þó leiða til nokkurrar hækkunar á sköttum þeirra hjóna, þar sem konan hefur haft góðar tekjur. Það er skoðun mín að eðlilegra hefði verið að leggja 50%-regluna niður í 2—3 áföngum.

5. Skattlagning launa við eigin atvinnurekstur.

Hér er um nýja skattlagningarreglu að ræða, sem ég tel stefna í rétta átt. Framkvæmd reglunnar mun þó vera erfið, og skiptir miklu máli að skattayfirvöld sýni sanngirni við ákvörðun persónulegra tekna, en haldi þó fast við það meginákvæði, að persónutekjur blandist ekki saman við stöðu atvinnufyrirtækis.

Eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, fjallar frumvarpið um ýmis skattasvið, sem réttmætt var að setja reglur um. Reglur frumvarpsins eru hins vegar óljósar, sumar til bóta, aðrar vafasamar.

Það, sem ég tel lakast við frumvarpið, er að í því er ekki tekist á við megin-galla núgildandi skattalaga. Þeir gallar núgildandi skattalaga, sem ég tel versta, eru þessir:

1. Hvers konar atvinnurekstur sleppur nú að mestu við greiðslur á tekju- og eignar-skatti. Þar skipta mestu máli gildandi fyrningarreglur, varasjóðsframlag og ýmiss konar bókhaldslegur frádráttur sem skattaðili ákveður sjálfur.
2. Ýmsir aðilar sleppa að mestu við skattgreiðslur vegna þess að þeir eru einir til frásagnar um tekjur sínar og útgjaldakostnað.
3. Skattar á háum tekjum og miklum eignum mega hækka, en skattar á þurftar-launum ættu að falla niður.

Hið nýja skattalagafrumvarp bætir í engu úr þessum miklu ágöllum.

Ég flyt á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Þær miða að hækkun persónuafsláttar, hækkun barnabóta, lækkun skatts á lægri tekjum, en hækka á hæstu tekjum. Ég legg einnig til, að skattvísitala verði bundin breytingu launatekna á milli ára. Þá legg ég til að fellt verði niður það ákvæði frumvarpsins að arður af hlutabréfum verði skattfrjáls.

Alþingi, 27. apríl 1978.

Lúðvík Jósepsson.